



Borgarráð

Tillaga að reglum um úthlutun lóða til trú- og lífsskoðunarfélaga

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar reglur um úthlutun lóða til trú- og lífsskoðunarfélaga.

Greinargerð

Í 5. gr. laga nr. 35/1970 kemur fram að sveitarfélagi beri að úthluta þjóðkirkjunni lóð undir kirkju án greiðslu gatnagerðargjalds. Ákvæðið var á árunum 2008 – 2013 haft til hliðsjónar af hálfu Reykjavíkurborgar við úthlutun lóða til trúfélaga á grunvelli jafnræðissjónarmiða og úthlutaði Reykjavíkurborg fjórum trúfélögum lóðum án endurgjalds. Gatnagerðargjald var felld niður gagnvart þeim trúfélögum með vísan til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald. Fram til þessa hefur ákvæðinu ekki verið beitt um lóðaúthlutun til skráðra lífsskoðunarfélaga. Gatnagerðargjald lóða fyrir lífsskoðunarfélag verður ekki felld niður á grundvelli 5. gr. laga nr. 35/1970 þar sem það tekur til skyldu sveitarfélags til þess að leggja þjóðkirkjunni til lóð án greiðslu gatnagerðargjalds. Ber að skýra það ákvæði þröngt þar sem gatnagerðargjald er skattur.

Umfangsmikil breyting var gerð á lögum um skráð lífsskoðunar- og trúfélög í ársbyrjun 2013 þar sem gildissvið laganna var útvíkkað þannig að mun fleiri félög gætu í kjölfarið fengið skráningu. Þegar lögini tóku gildi lá fyrir umsókn Félags múslima á Íslandi en Reykjavíkurborg hefur ekki úthlutað lóð til skráðra lífsskoðunar- og trúfélaga án endurgjalds sem óskað hafa eftir lóð frá lagabreytingunni. Ekki er óeðlilegt að slík lagabreyting hafi áhrif á stjórnsýsluframkvæmd og er það sjónarmið staðfest í úrskurði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í máli nr. SRN200080010, frá 24. mars 2021.

Á fundi borgarstjórnar þann 1. október 2013 lögðu borgarfulltrúar Besta flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna fram bókun, sem áður var lögð fram á fundi borgarráðs þann 19. september 2013 þar sem óskað var eftir að Alþingi endurskoðaði ákvæði í lögum um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970 þar sem kveðið er á um að sveitarfélögum sé skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Var sú afstaða ítrekuð með tillögu borgarstjóra sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 28. janúar 2016. Sú áskorun hefur ekki leitt af sér lagabreytingu en lagafrumvarp um brottfall laga um Kristnisjóð o.fl. var lagt fram á 151. lögjafarþingi en frumvarpið var ekki afgreitt úr þingnefnd.

Með hliðsjón af framanröktu er nauðsynlegt að setja sérstakar reglur til að skýra framkvæmd við úthlutun lóða til trú- og lífsskoðunarfélaga og taka hjálagðar reglur mið af framkvæmd undanfarinna ára og núgildandi lagaramma.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Reglur Reykjavíkurborgar um úthlutun lóða til skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga

1. gr.

Inngangur

Borgarráð úthlutar lóðum og selur byggingarrétt til skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga.

Með trú- og lífsskoðunarfélögum er í reglum þessum átt við félög sem hafa fengið skráningu í samræmi við ákvæði laga nr. 108/1999, með síðari breytingu, um skráð trú- og lífsskoðunarfélög.

Trú- og lífsskoðunarfélög geta sótt um að fá úthlutaðri lóð innan Reykjavíkur til Reykjavíkurborgar, enda liggi fyrir gilt deiliskipulag fyrir lóð undir starfsemi trú- og lífsskoðunarfélaga. Reykjavíkurborg er aldrei skylt að verða við umsókn trú- og lífsskoðunarfélaga um úthlutun lóðar.

2. gr.

Gatnagerðargjöld

Trú- og lífsskoðunarfélög greiða gatnagerðargjöld í samræmi við ákvæði laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006, með síðari breytingum, og samþykkt um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg nr. 725/2007, með síðari breytingum, nema þau séu sérstaklega undan þegin gatnagerðargjaldi með lögum.

3. gr.

Byggingarréttur

Fyrir byggingarrétt lóðar greiða trú- og lífsskoðunarfélög markaðsvirði nema þau séu sérstaklega undanþegin greiðslu byggingarréttar með lögum. Markaðsverð ákvarðast samkvæmt verðmati tveggja óvilhallra og löggiltra fasteignasala. Hvor aðili um sig tilnefna sinn hvorn fasteignasalann. Aðilar greiða fyrir þjónustu þess fasteignasala sem þeir tilnefna.

4. gr.

Skilmálar

Að öðru leyti gilda almennar reglur um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar á föstu verði í Reykjavík hverju sinni, nú dags. í júní 2021, og almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar hverju sinni, nú dags. í júní 2013, sem og aðrir skilmálar, skipulagsáætlanir og reglur um úthlutun lóða í Reykjavík, eins og við eiga hverju sinni.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs.